

Nd. **114. Frumvarp til laga** [97. mál]
um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Brekkuborg í Breiðdalshreppi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Sverrir Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Breiðdalshreppi jörðina Brekkuborg í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Breiðdalshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jörðina eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oddvitinn í Breiðdalshreppi hefur farið þess á leit, að veitt verði lagaheimild til þess, að Breiðdalshreppur geti átt kost á að kaupa jörðina Brekkuborg.

Bóndinn, sem bjó á Brekkuborg, hefur látið af búskap, og er jörðin nú í eyði. Hreppsnefnd Breiðdalshrepps vill reyna að koma í veg fyrir, að jörð þessi verði í eyði til frambúðar, og telur miklar líkur til þess, að auðið verði að leigja jörðina til ábúðar, ef hreppurinn eignast hana.

Jörð þessari fylgja veiðiréttindi í Breiðdalsá. Með tilliti til þess telur hreppsnefndin og æskilegt, að sveitarfélagið eignist jörðina og hafi umráð yfir henni.